# Vorsöngur Ídu



[C]Já, vittu til, staðhæfir [dm]vorið,
[G]að vetrinum þoka ég [C]frá.
[C]Þótt enn hvíli blómin í [dm]blundi
[G]og bleik séu úthagans [C]strá,
[em]ég vildi þau vekja og [F]hressa
[G]en veit það er fullsnemmt um [C]sinn
[am]því geri ég holur í [F]hjarnið
[G]og hleypi þar sólinni [C]inn.



[C]Svo leysi ég vatnið í [dm]læki
[G]og lokka fram gutlið í [C]þeim
[C]og kalla á kríurnar [dm]léttu
[G]að koma og flýta sér [C]heim,
[em]ég hristi af greinunum [F]hrímið
[G]svo hreiðurstað fuglarnir [C]sjá
[am]og skýin af himninum [F]heilsa
[G]um heiðloftin skínandi [C]blá.



[C]Og grænjaxlar vorsins og [dm]gróður
[G]ég gef síðan börnum að [C]sjá.
[C]Úr vorblómsins bikar þá [dm]bergir
[G]ein blómfluga röndótt og [C]smá,
[em]svo bý ég til bala og [F]rjóður
[G]sem börnin finna með [C]þökk
[am]og helli loks heiðríku [F]sumri
[G]á hlaup þeirra, leiki og [C]stökk.

Lag: Idas sommarvisa

Höfundur lags: George Riedel

Höfundur texta: Böðvar Guðmundsson